

AUGLÝSING

um deiliskipulag vatnsaflsvirkjunar í landi Hrísa í Helgafellssveit.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Helgafellssveitar eftirfarandi deiliskipulag ásamt umhverfisskýrslu; Hrísar, deiliskipulag vatnsaflsvirkjunar.

Svæðið sem skipulagið tekur til er 12,4 ha að stærð og afmarkast af tæplega 3 km langri spildu frá inntakslóni að sunnanverðu og niður að þjóðvegi í norðri. Spildan liggur að mestu austanmegin við bakka Svelgsár. Deiliskipulagið tekur til 655 kW vatnsaflsvirkjunar við Svelgsá. Mannvirkjagerð felst m.a. í gerð stíflu, inntaks og stöðvarhúss, aðveiturörs og rafveitu. Deiliskipulagið fellur undir ákvæði laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Deiliskipulagsáætlunin ásamt umhverfisskýrslu hefur hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga og öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 30. desember 2010.

Jökull Helgason, skipulagsfulltrúi Helgafellssveitar.

B-deild – Útgáfud.: 14. janúar 2011